

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn að Laugavegi 13, Reykjavík, þann 14. desember 2017 kl. 9:30, en þetta var 57. fundur nefndarinnar.

Mættir voru Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar og Magnús Jóhannsson en sá síðarnefndi ritaði fundargerð. Eyjólfur Þ. Haraldsson var forfallaður. Einnig sat fundinn frá og með þriðja dagskrárlið, Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri hjá Stofnun Árna Magnússonar.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar (23. nóv. 2017) var samþykkt.

2. Orðabókarvinnan

a) Rætt var áfram um útgáfu þriðja heftis „Orðasafns í líffærafræði“. Sýnieintak var til skoðunar á fundinum og gert er ráð fyrir að heftið komi út á morgun.

b) Orð og heiti sem tengjast „autism“ (12 færslur), „screening“ (18 færslur), „scan“ (13 færslur). Loks voru kynnt hugtökin „paralysis“, „paresis“, „plegia“ og „palsy“ sem eru í frumvinnslu. Þessir listar höfðu verið sendir fundarmönnum fyrir fundinn. Farið var yfir listana á fundinum og gerðar fáeinar breytingar. Þær verða síðan birtar í Orðabankanum á næstu dögum.

c) Kynntar voru nokkrar fyrirspurnir sem hafa borist og rætt óformlega um þær.

3. Þátttaka í eTranslation Term Bank (eTTB)

Um er að ræða Evrópuverkefni með það að markmiði að auðvelda rafrænar þýðingar milli tungumála í Evrópu. Sá hluti verkefnisins sem að okkur snýr heitir eHealth. Gerður verður samningur um að Íðorðasafn lækna yrði aðgengilegt í gegnum stóran evrópskan orðabanka. Notkun þessa kerfis verður háð ströngum skilyrðum. Ágústa, sem er fulltrúi Árnastofnunar í verkefninu, kynnti þetta verkefni á fundinum og allir virðast vera jákvæðir gagnvart þátttöku. Málið er í vinnslu.

4. Næsti fundur

Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 25. jan. 2018 kl. 9:30. JHJ mun boða þann fund og senda út orðalista til yfirlestrar.

Fundi var slitið um kl. 10:35.